



Starfsáætlun
Skólaárið 2015 - 2016



Starfsáætlun Flóaskóla

©Flóaskóli

Villingaholt, 801 Selfoss

Prentun: Flóaskóli

Ágúst 2015

KÆRI NEMANDI

VELKOMIN Í FLÓASKÓLA

Til hamingju með að vera hluti af áhugaverðu lærdómssamfélagi.

1 Ávarp skólastjóra

Sérstaða Flóaskóla felst að miklu leyti í staðsetningu skólans og fjölda nemenda. Í Flóaskóla er lögð áhersla á að ná til allra nemenda, að enginn sé ósýnilegur. Nemendur eru markvisst þjálfaðir í framsögn og tjáningu, m.a. með tíðum leiksýningum og framkomu á sviði. Þeir þættir skipta einnig miklu máli í tengingu skólans við samfélagið, en mikið aðsókn hefur verið að leiksýningum Flóaskóla. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur geti sinnt hluta af námi sínu úti við, m.a. í íþróttum og eiginlegri útikennslu bóklegra greina. Einnig að umhverfis- og starfsmennt sé sinnt með heimsóknnum í fyrirtæki og stofnanir og með kynningu gesta úr samfélaginu innan skólans. Áhersla er lögð á gott samstarf við ungmennafélögin enda starfi þau að miklu leyti að sömu markmiðum og skólinn varðandi menntun og heilbrigði ungmenna.

Efnisyfirlit

1	Ávarp skólastjóra	5
2	Skólastefna Flóahrepps	9
3	Hagnýtar upplýsingar	10
3.1	Starfsfólk.....	10
3.2	Skólaakstur	12
4	Námið	13
4.1	Danskennsla.....	13
4.2	Samræmd próf.....	13
4.3	Heimavinna.....	13
4.4	Mentor.....	13
4.5	Mataraðstaða nemenda	13
4.6	Frímínútur.....	14
4.7	Skólavistun.....	14
4.8	Heimasíða Flóaskóla	14
4.9	Forföll og fjarvistir nemenda	14
4.10	Hefðir.....	14
5	Dagatal.....	15
6	Starfsáætlun nemenda	16
7	Val nemenda í 8.–10. bekk	16
7.1	Valáfangar fyrir áramót	17
7.2	Valáfangar eftir áramót	18
7.2.1	Bundið val - valáfangi eitt á mánudögum ætlaður 8. – 10. bekk.....	18
7.2.2	Bundið val - valáfangi tvö á fimmtudögum. ætlaður 9. – 10. bekk	18
7.3	Valáfangar allt skólaárið	19
7.3.1	Bóklegt val er ætlað nemendum í 8. – 10. bekk.....	19
7.3.2	Smiðjur	19
7.3.3	Starfsfræðsla.....	19
8	Skóladagatal	19
9	Viðfangsefni innra mats.....	21
10	Matsáætlun Flóaskóla:	22
11	Úmbótaáætlun 2015 – 2016	23
12	Ráð og nefndir	24

12.1	Skólaráð	24
12.2	Foreldrafélag Flóaskóla	24
12.3	Nemendafélag	25
13	Skólareglur.....	26
14	Upplýsingar um stoðþjónustu	28
15	Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf	29
16	Áætlanir	30
16.1	Óveðursáætlun	Error! Bookmark not defined.
16.2	Símenntunaráætlun.....	31
16.3	Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá.....	31
16.4	Viðbrögð við jarðskjálfta.....	37


2 Skólustefna Flóahrepps

Skóla- og frístundastefna Flóahrepps

Hlutverk: Að þroska og mennta einstaklinginn fyrir lífið, í samvinnu við heimilin, svo hann verði virkur þátttakandi í samfélaginu.

Gildi: Starfshættir mótask af virðingu, jákvæðni, lýðræði, trausti og heilbrigðu líferni.

Framtíðarsýn: Skóla- og frístundastarf eru kjarni samfélagsins og þar eru hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.



3 Hagnýtar upplýsingar

3.1 Starfsfólk

Nafn	Gsm	Netfang
Agnes Harpa Hreggviðsdóttir	8647141	agnes@floaskoli.is
Alda Stefánsdóttir	8693569	alda@floaskoli.is
Anna Greta Ólafsdóttir	6952506	annagreta@floaskoli.is
Anna Þórný Sigfúsdóttir	8678929	anna@blaskogaskoli.is
Bjarnheiður Böðvarsdóttir	8475903	bjarnheidur@hsu.is
Bryndís Rósantsdóttir	8656785	bryndis@floaskoli.is
Elvar Már Svansson	8411061	elvar@floaskoli.is
Guðni Sighvatsson	8917898	gudni@laugalandsskoli.is
Helga Jóhanna Úlfarsdóttir	8992907	helga@floaskoli.is
Hulda Kristjánsdóttir	8602906	hulda@floaskoli.is
Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir	8683434	johanna@floaskoli.is
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir	8441845	kolbrun@floaskoli.is
Kristín Tómasdóttir	8686714	egilsstadir@hotmail.com
Kristrún Jónsdóttir	8469284	kristrun@floaskoli.is
Lára Bergljót Jónsdóttir	8475353	lara@floaskoli.is
María Carmen Magnúsdóttir	8951978	maria@laugalandsskoli.is
Oddný Lára Guðnadóttir	8479834	oddnylara@floaskoli.is
Olesya Anna Baldvinsson	7813438	olesya@floaskoli.is
Páll Björgvin Ingimarsson	8662627	stora@simnet.is
Rúnar Magnússon	8982554	runar@floahreppur.is
Sigríður Oddný Stefánsdóttir	8223565	oddney@floaskoli.is
Sigrún Helgadóttir	6598942	sigrunh@floaskoli.is

Sigurbára Rúnarsdóttir	8694472	sigurbara@floaskoli.is
Unnur Bjarkadóttir	8660370	unnur@floaskoli.is
Valgerður Gestsdóttir	8639557	mjosyndi@gmail.com
Þóra Gylfadóttir	8937977	thora@floaskoli.is
Örvar Rafn Hlíðdal	8235855	orvar@floaskoli.is

3.2 Skólaakstur

Skólaakstur er á hverju vori skipulagður í samvinnu skólastjóra, fræðslunefndAR og sveitarstjóra vegna komandi skólaárs. Reynt er að miða við það að bjóða öllum íbúum góða þjónustu, en gæta þess jafnframt að sem mestri hagkvæmni sé náð í akstrinum.

Langflestir nemendur skólans eru daglega farþegar í skólabíl. Mikilvægt er að öryggi nemenda sé tryggt í og við bílana og að nemendur sýni ábyrgð í allri umgengni við þá. Þegar nemendur yfirgefa skólabíl, við skólann eða við heimili sitt, skulu þeir ganga fram fyrir bifreiðina og að húsinu. Bifreiðin fer ekki af stað fyrr en allir nemendur eru komnir frá farartækinu og í átt að húsinu. Fari nemendur hins vegar úr skólabíl í þéttbýli, skulu þeir bíða í vegarkantinum þar til skólabíllinn hefur farið af stað og nemandi hefur fullt útsýni til allra átta. Nemendur í 1.-2. bekk hafa sessu til að sitja á til að auka öryggi þeirra í bílunum. Allir skólabílar á vegum Flóahrepps eru merktir sem slíkir. Fræðslunefnd og skólastjóri hafa farið fram á það við bílstjórana að þeir skili til skólastjóra öllum tilskyldum leyfum og pappírnum sem snerta aksturinn, svo sem afriti af ökuleyfum, tryggingum og skoðunarvottorðum.

Skólabílstjórar eiga í góðu samstarfi við starfsfólk skólans og láta skólastjóra reglulega vita af því hvernig aksturinn gengur. Skólabílstjórar eru bundnir trúnaði við farþega sína. Bílstjórar sjá til þess að öryggisbúnaður bifreiðar sé ávallt í lagi. Þeir leitast við að halda bifreiðum snyrtilegum og koma fram við alla farþega af kurteisi og virðingu. Reykingar eru ekki leyfðar í bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs enda getur af þeim hlotist heilsutjón og óþægindi fyrir nemendur. Nemendum er kynnt sú almenna regla að í skólabílum gilda sömu umgengni- og samskiptareglur og í skólanum. Foreldrar eru kallaðir til ábyrgðar ef börn þeirra virða ekki settar reglur.

Nemendur skulu ávallt vera tilbúnir þegar skólabíll sækir þá að morgni þannig að ekki hljóti af bið. Skólabílstjórar þurfa að halda tímamörk og leyfist ekki að bíða eftir nemendum við heimili þeirra þannig að seinkun, sem hefur áhrif á skólabyrjun, verði á leiðum bílanna. Séu nemendur ekki tilbúnir að morgni verða forsjáraðilar þeirra að sjá um að aka þeim í skólann.

4 Námið

4.1 Danskennsla

Undanfarin skólaár hafa nemendur fengið danskennslu í námskeiðsformi frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru. Dansnámskeiðin hafa staðið í eina viku að hausti og lokið með sýningu fyrir fjölskyldur nemenda. Á yfirstandandi skólaári er reiknað með að danskennsla verði með svipuðu sniði en dagsetning verður auglýst síðar.

4.2 Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði á hverju hausti. Nemendur í 10. bekk taka að auki samræmt próf í ensku. Nánari upplýsingar koma frá Námsmatsstofnun og eru veittar viðkomandi nemendum og foreldrum fyrir prófin.

4.3 Heimavinna

Heimavinna nemenda er reglulegur hluti af námi hvers og eins. Mörgum foreldrum finnst heimanám nauðsynlegt þar sem það tengir vinnu nemenda í skólanum við heimilin og aðstoðar forsjáraðila við að fylgjast með námi barna sinna. Heimavinna nemenda er skráð í Mentor og er það á ábyrgð forsjáraðila og nemenda að nálgast þær upplýsingar.

4.4 Mentor

Á skólaárinu 2008-2009 var skólakerfið Mentor tekið í gagnið í Flóaskóla. Kennarar færa inn upplýsingar um ástundun nemenda, heimavinnu og aðrar tilkynningar eða athugasemdir sem varða nemendur og skólastarfið. Kerfið nýtist mjög vel til skráningar og utanumhalds um þau atriði er varða nám nemenda og sem samskiptatæki milli heimilis og skóla.

4.5 Mataraðstaða nemenda

Til þess að vinnudagur skólabarna verði árangursríkur og ánægjulegur er mikilvægt að nemendur fái nægan nætursvefn og neyti hollrar fæðu. Mjög mikilvægt er að nemendur borði hollan og góðan morgunverð áður en haldið er til skóla að morgni. Nemendur fá ávexti og grænmeti í skólanum fyrir löngu frímínútur dag hvern og alla jafna er ekki ætlast til að þeir hafi með sér nesti að heiman. Hádegishlé telur 40 mínútur, 20 mínútur í matsal og 20 mínútur í frímínútur. Nemendur matast á sal í félagsheimilinu Þjórásarveri og sinna kennarar eða stuðningsfulltrúar gæslu í matsal. Í matmálstímum er lögð áhersla á góða siði, kurteisi og rólegheit og að nemendur aðstoði við að bera matinn fram og ganga frá.

Forsjáraðilar nemenda greiða mánaðarlegt gjald vegna mötuneytis. Gjaldið stendur undir kostnaði vegna hráefniskaupa við mötuneytið. Flóahreppur sér um annan rekstur mötuneytis.

4.6 Frímínútur

Nemendur í 1.-7. bekk fara út í öllum frímínútum og er því ætlast til að þeir séu klæddir eftir veðri hverju sinni. Nemendur í 8.-9. bekk hafa val um það hvort þeir fara út í frímínútum eða eru inni. Því vali fylgir mikil ábyrgð varðandi umgengni og hegðun og áskilur skólinn sér rétt til að breyta þessu fyrirkomulagi ef þess gerist þörf. Yngri nemendur, sem þurfa að vera inni í frímínútum einhverra hluta vegna, skulu koma með skriflega beiðni um það frá forsjáraðila sínum til umsjónarkennara. Starfsmenn skólans sinna gæslu í öllum frímínútum. Ef veður hamlar útivist eru það sömu aðilar sem sinna gæslu innan dyra.

4.7 Skólavistun

Skólavistun er lengd viðvera nemenda í 1.-4. bekk í skólanum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Boðið er upp á skólavistun alla virka daga sem skólinn er opinn svo framarlega sem þörf sé á þjónustunni. Opið er í skólavistun frá því að kennslu lýkur og til kl. 16:30. Í skólavistun fá nemendur síðdegishressingu, tíma til leikja, föndurs, lesturs og annarrar tómstundaiðju. Foreldrar þurfa að skrá börn sín í skólavistun á skrifstofu skólans en gjöld eru innheimt mánaðarlega með greiðsluseðli.

4.8 Heimasíða Flóaskóla

Heimasíða skólans er á slóðinni www.floahreppur.is. Bein slóð er www.floaskoli.is. Henni er haldið reglulega við yfir veturinn og nýjar og uppfærðar upplýsingar settar inn. Jafnframt er skólinn með facebook síðu en þar inni er að finna myndir og fleira skemmtilegt úr skólastarfinu.

4.9 Forföll og fjarvistir nemenda

Lög kveða á um að foreldrar nemenda sjái um að þeir sækji skóla hvern dag. Óheimilar fjarvistir og seinkomur hafa áhrif á skólagöngu hvers og eins nemanda. Sé um veikindi að ræða þarf að tilkynna þau á skrifstofu skólans að morgni hvers veikindadags. Leyfi umfram 2 daga þarf að sækja um skriflega á þar til gerðum eyðublöðum og vera samþykkt af skólastjóra. Leyfi í 1-2 daga má sækja til umsjónarkennara. Séu leyfi og veikindi ekki tilkynnt er litið svo á að um óheimilar fjarvistir sé að ræða. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna í umbeðnum leyfum og verða að ráðfæra sig við umsjónarkennara varðandi sérstök verkefni eða heimavinnu.

4.10 Hefðir

Margar hefðir hafa skapast í skólastarfinu og munu halda áfram að þróa þann skólabrag sem við viljum sjá í Flóaskóla. Hefðirnar snúast m.a. um viðburði og skemmtanir innan skólans, foreldrasamstarfið, blöndun nemendahópa í skólavinnunni, samvinnu starfsmanna o.s.frv. Undanfarin ár höfum við lagt á það áherslu að halda mörgum góðum hefðum úr Gaulverjaskóla, Villingaholtsskóla og Þingborgarskóla, auk þess sem við höfum skapað hefðir Flóaskóla á nýjum grunni.

5 Dagatal

Flóaskóli hefur útbúið dagatal þar sem allir helstu viðburðir skólans koma fram hvort sem þeir eru á vegum foreldrafélags skólans eða aðrir fastir viðburðir sem snerta skólann á einhvern hátt. Ásamt helstu viðburðum leikskólans Krakkaborgar og Flóahrepps koma einnig fram. Stjórnendur skólans áskilja sér rétt til að gera breytingar á viðburðardagatali skólans. Allar upplýsingar sem koma fram í skóladagatali skólans eru einnig sjáanlegar á viðburðardagatalinu. Foreldrar eru hvattir til að hafa dagatalið sýnilegt á heimilinu til að auðvelda þeim að fylgjast með því sem er að gerast í skólanum. Foreldrar fá viðburðardagatalið afhent á kynningarkvöldi skólans á haustin.

Viðburðardagatalið er einnig aðgengilegt á heimasíðu skólans

6 Starfsáætlun nemenda

Skólasetning fer fram 25. ágúst og er skólanum slitið 3. júní. Stundaskráin gerir ráð fyrir að kennsla hefjist alla virka skóladaga kl. 8:10 og lýkur kl. 13:50. Þá má segja að formlegri kennslu ljúki einn dag í viku í hádeginu hjá 1.-4. bekk en eftir það fara allir nemendur í frístundastarf til kl. 13:50 þar sem ungmennafélögin koma meðal annars að skipulagi dagskrárinnar. Nemendur fá tvisvar sinnum frí frá kennslu, þ.e. í frímínútum kl. 10:10-10:30 og í hádeginu frá kl. 11:50-12:30.

Foreldraviðtöl fara fram þrisvar sinnum á skólaárinu. Á fyrsta og síðasta viðtalsdeginum er notað Frammistöðumat í Mentor þar sem nemendur taka þátt í að meta eigin frammistöðu en í viðtalinu í janúar er farið yfir niðurstöður námsmats á haustönn 2015. Afhending lokaekinnna fer svo fram á skólaslitum 3. júní 2016.

6.1 Ferðir

Kennurum stendur til boða að fara í vettvangsferðir með nemendahópa og æskilegt er að hver árangangur fari a.m.k. einu sinni á ári í vettvangsferð.

Hefð hefur skapast fyrir því að 6.-7. bekkur fari annað hvert á í 5 daga skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði og hitt árið í tveggja náttu ferð um Snæfellsnes. 6.-7. bekkur fór að Reykjum vorið 2015 og **fer á Snæfellsnesið vorið 2016**

9. bekkur fer á hverju ári í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. Ferðin er 26. – 30. október þetta skólaárið.

Gert er ráð fyrir að 10. bekkingar noti veturinn til að safna sér pening, með aðstoð foreldra sinna, fyrir útskriftarferð sem farin er á úti- og grenndarnámsdögum í maí. Skólinn aðstoðar við skipulag á þeirri ferð og kostar kennara í ferðina en einnig er gert ráð fyrir viðveru a.m.k. eins foreldris í ferðinni.

7 Val nemenda í 8.-10. bekk

Nemendur í 8.-10. bekk fá 280 mínútur á viku í valgreinum, þar af eru nemendur í 8. bekk í 80 mínútum í bundnu vali í starfskynningum. Skólastjórnendur skipuleggja valgreinar næstkomandi skólaárs að vori að nokkru leyti en loka ákvörðun vals er unnið í samráði við nemendur á haustin. Framboð valgreina byggist að miklu leyti á hópastærðum, kennurum og aðstöðu.

Hér að neðan má sjá fyrirkomulag valgreina á unglingastigi skólaárið 2015 - 2016:

Nemendum í 8. – 10. bekk í Flóaskóla stendur til boða valfög tvisvar sinnum í viku. Nemendum fara svo einnig á smiðjuhelgar þar sem boðið er uppá eina helgi á önn (í staðin fyrir miðvikudagstímann sem áður var). Helgarnar verða með því sniði að nemendur fá að velja sér eitthvað námskeið sem þau vilja fá til sín eina helgi en þá dvelja þau í skólanum frá föstudegi fram á sunnudag. Nemendur fá gistingu í Þjórásarveri en óskað er eftir foreldrasamstarfi hvað varðar gæslu á smiðjuhelgum. Nemendur fá kvöldmat á föstudegi og laugardegi en taka með sér nesti til þess að snæða yfir daginn.

Foreldrar fá í september kynningu á smiðjuhelgum sem koma í stað fyrir hefðbundið val á miðvikudögum. Tilkynning um hvernig næsta val tímabili verður háttað kemur alltaf tveim vikum áður en tímabil hefst.

Þegar nemandi sest í unglingadeild Flóaskóla verða talsverðar breytingar á tilhögun náms frá því sem verið hefur. Það sem einkennir námið í þessum bekkjum er aukið námsval sem gerir nemendum kleift að velja sér námsgreinar og smiðjur við hæfi eftir áhuga og í samræmi við framtíðarmarkmið.

Valgreinar í 9.-10. bekk eru ýmist verklegar eða bóklegar og vonandi finna flestir nemendur eitthvað við sitt hæfi. Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið íþróttaiðkun eða nám, t.d. við tónlistarskóla eða myndlistarskóla metið sem nemur tveimur kennslustundum á viku. Ekki er víst að við getum alltaf orðið við óskum nemenda um val og mun þá næsti valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein. Við bendum sérstaklega á að val nemenda er bindandi.

Námsval Flóaskóla skiptist í þrjá þætti:		
Bundið val	Smiðjur	Stofu val

Hvernig veljum við?

1. Nemendur sem hefja nám í 8. - 10. bekk byrja á því að velja **tvær valgreinar** úr bundnu vali á valblaðinu fyrir áramót og aðrar tvær eftir áramót (skiptist 22. Janúar). Þetta er gert strax að hausti og opið er svo fyrir endurskoðun og breytingar vikuna 11. – 15 janúar. Þar með binda nemendur fjóra tíma af átta val tímum. Þetta er það sem við köllum bundið val. Mikilvægt er að velja valgrein í ljósi áhuga eða framtíðarmarkmiða í námi.
2. Næst velja nemendur tvær smiðjur sem eru kenndar í tveimur helgarlotum, eina smiðjuhelgi fyrir áramót og aðra eftir áramót.
3. Bóklegt val er með því fyrirkomulagi að nemendur geta valið sér þrjár mismunandi stofur. Ein tungumálastofa (enska og danska), Ein íslenskustofa og ein stærðfræðistofa. Nemendur þurfa ekki að skrá sig í viðkomandi val og geta valið sér stofu í hvert sinn. Stofuval er einu sinni í viku einn tíma í senn. Nemendur geta því valið að vera í íslensku allan veturinn ef áhugi þeirra er til þess eða geta farið á milli stofa eins og hentar þeim best, þó er ekki hægt að flakka á milli stofa í miðjum tíma. Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að þau verða alltaf að mæta í einhverja stofu.
4. Þeir nemendur sem stunda annað nám samhliða skólanum s.s. tónlistar- eða íþróttanáms geta fengið það metið sem valgrein. Skila þarf inn til skólans staðfestingu á náminu. Eyðublöð má nálgast hjá stjórnendum og á heimasíðu skólans undir eyðublöð.

7.1 Valáfangar fyrir áramót

7.1.1 Bundið val mánudagar:

valáfangi eitt á mánudögum ætlaður 8. – 10. bekk. (Vinsamlega veljið eitt af tvennu eftirfarandi)

Íþróttaval

Námskeiðslýsing: Íþróttaval þar sem lögð er áhersla á að kynna íþróttum.

Tímarnir verða eins og á íþróttæfingu og þurfa nemendur að vera tilbúnir í að hreyfa sig og læra nýja hluti. Hver tími er 80 mín. Kennslan fer fram bæði innanhúss og utan. Nemendur þurfa að vera tilbúnir og jákvæðir fyrir að taka þátt í öllum þeim fjölbreyttu íþróttum sem boðið er uppá.

Margmiðlun og stuttmyndagerð

Námskeiðslýsing: Nemendur læra grunnþætti í gerð stuttmynda sem og grunnþætti í margmiðlun.

7.1.2 Valáfangi á fimmtudagar.

Ætlaður 9. – 10. bekk (Vinsamlega veljið eitt af tvennu eftirfarandi)

Smíðaval

Námskeiðslýsing: Nemendur fá að velja sér verkefni sem þó skulu vera unnin úr trjávið í meginatriðum. Reynt verður að gefa nemendum tækifæri á að nýta alla þá möguleika sem smíðastofan býður upp á. Gæta verður hófs í efnisvali og að verkefnin séu ekki stærri en svo að þau klárast á settum tíma.

Heimilisfræðival

Námskeiðslýsing: Farið verður í helstu matreiðslu- og bakstursaðferðir.

7.2 Valáfangar eftir áramót

7.2.1 Bundið val mánudagar

Valáfangi eitt á mánudögum ætlaður 8. – 10. bekk. (Vinsamlega veljið eitt af tvennu eftirfarandi).

Smíðaval

Námskeiðslýsing: Nemendur fá að velja sér verkefni sem þó skulu vera unnin úr trjávið í meginatriðum. Reynt verður að gefa nemendum tækifæri á að nýta alla þá möguleika sem smíðastofan býður upp á. Gæta verður hófs í efnisvali og að verkefnin séu ekki stærri en svo að þau klárast á settum tíma.

Árshátíðarval

Námskeiðslýsing Með leikgleði og frumsköpun að leiðarljósi er farið í gegnum grunnatriði leiklistar og sköpunar á öllum leiklistarnámskeiðum Leynileikhússins. Unnið er sérstaklega með hlustun, samvinnu, einbeitingu og tjáningu í gegnum leiki, æfingar og spuna. Leitast er við að leiðbeina þátttakendum við að finna hugmyndum sínum farveg og byggja þannig upp sjálfstraust þeirra og framkomu. Þeir nemendur sem taka þátt í árshátíðarvali sjá um að koma fram á árshátíð unglingadeildar.

7.2.2 Bundið val - valáfangi tvö á fimmtudögum. ætlaður 9. – 10. bekk

Vinsamlega veljið eitt af tvennu eftirfarandi

Íþróttaval

Námskeiðslýsing: Íþróttaval þar sem lögð er áhersla á að kynnast íþróttum.

Tímarnir verða eins og á íþróttæfingu og þurfa nemendur að vera tilbúnir í að hreyfa sig og læra nýja hluti. Hver tími er 80 mín. Kennslan fer fram bæði innanhúss og utan. Nemendur þurfa að vera tilbúnir og jákvæðir fyrir að taka þátt í öllum þeim fjölbreyttu íþróttum sem boðið er uppá.

Heimilisfræðival – Helga Jóhanna Úlfarsdóttir

Námkeiðslýsing: Farið verður í helstu matreiðslu- og bakstursaðferðir.

7.3 Valáfangar allt skólaárið

7.3.1 Bóklegt val er ætlað nemendum í 8. – 10. bekk

Stærðfræðival – Stofu val (ekki þarf að velja í þetta val)

Stærðfræðival er valáfangi nemenda í 9. og 10. bekk sem vilja leggja áherslu á og hafa áhuga á krefjandi verkefnum í stærðfræði. Stærðfræðival er kennt einu sinni í viku. Nemendum gefst einnig kostur á að klára heimavinnu sína í þessum tímum ef áhugi þeirra er á því.

Móðurmálsvál – Stofu val (ekki þarf að velja í þetta val)

Móðurmálsvál er valáfangi nemenda í 9. og 10. bekk sem vilja leggja áherslu á og hafa áhuga á krefjandi verkefnum í íslensku. Móðurmálsvál er kennt einu sinni í viku. Nemendum gefst einnig kostur á að klára heimavinnu sína í íslensku í þessum tímum ef áhugi þeirra er á því.

7.3.2 Smiðjur

Smiðjur eru tvær á skólaárinu og eins og áður segir fá foreldrar skipulag þess efnis sent í september.

7.3.3 Starfsfræðsla


Nemendur í 8. bekk fara í starfsfræðslu líkt og hefur verið síðustu ár. Alda Stefánsdóttir er umsjónamaður og kennari

8 Skóladagatal

Á skóladagatali kemur fram lengd jólaeyfis, páskaleyfis og fyrirkomulag starfsdaga kennara en á þeim dögum eru nemendur í fríi og eru þeir dagar merktir með bláum reit í dagatalinu.

Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

1. Stjórnskipulag skólans



9 Viðfangsefni innra mats

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli nota sjálfsmat til að meta innra starf skólans. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli Menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Innra mat á að vera samofið öllu skólastarfi. Það þýðir meðal annars að það þarf að ná til allra helstu þátta í skólastarfinu. Ekki er raunhæft að skoða alla þætti skólastarfsins á einu skólaári og því er mikilvægt að skólar forgangsraði verkefnum og geri sér tímaáætlun þar sem fram kemur áætlun þeirra um dreifingu matsþátta yfir 3-5 ára tímabil. Slík áætlun þjónar annars vegar þeim tilgangi að skipuleggja matsvinnuna og dreifa verkefnum svo að matið verði viðráðanlegt og hins vegar að hafa yfirsýn yfir að enginn matsþáttur verði útundan þegar til lengri tíma er litið.

Tímaáætlun ætti að gera ráð fyrir að matið nái til eftirfarandi þátta einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Athugið að upptalningin endurspeglar ekki forgangs röðun matsþátta.

Árlega er áætlunin endurskoðuð og uppfærð eftir þörfum vegna þess að oft koma upp mál sem áriðandi er að meta sem fyrst og því er mikilvægt að tímaáætlanir séu sveigjanlegar. Sumir matsþættir eru metnir oft á 3 -5 ára tímabili en aðrir e.t.v. ekki nema einu sinni.

Innra matið á að vera órjúfanlegur hluti af starfsemi skólans og styðja alla þætti skólastarfsins. Þar sem nám og kennsla eru lykilþættir í skólastarfinu er mikilvægt að þeir séu ávallt í brennidepli, s.s. með ígrundun kennara á eigin starfsháttum, jafningjamati kennara, mati á nýjungum í kennsluháttum, greiningu á framförum nemenda o.s.frv. Eðlilegt er að tímaáætlun endurspegli þá áherslu. Matið ætti að ná alla leið inn í skólastofuna og hafa áhrif á það sem þar fer fram en frammistaða kennara og kennsluhættir eru þau matssvið sem yfirleitt reynist erfiðast fyrir skóla að meta.

Skólaárið 2012-2013 tók Flóaskóli í fyrsta skipti þátt í Skólapúlslinum. Skólapúlslinn þjónustar hátt í 70 grunnskóla á landinu með samræmdum nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum.

Niðurstöðurnar gefa þátttökuskólum færi á að bera sig saman við aðra skóla í landinu og þróun innan skólans á mismunandi matsþáttum um leið og aðferðafræðilegar forsendur matsins eru tryggðar. Í matsþáttunum er tekið á langflestum atriðum sem matsáætlun gerir ráð fyrir en auk þeirra var unnin ítarleg mælingaáætlun og viðmið fyrir Flóaskóla í samræmi við æskulýðs- og skólastefnu Flóahrepps.

Umbótaætlanir eru unnar og birtar í ágústmánuði í kjölfarið á niðurstöðum sjálfsmats skólans. Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

10 Matsáætlun Flóaskóla:

2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017
		Starfsáætlun – s.s. skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar	
		Nám og námsárangur	
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
	Kennsla – kennsluhættir, starfspróun og fagmennska		
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf
Stjórnun	Stjórnun	Stjórnun	Stjórnun
			Viðmót og menning skóla
	Aðbúnaður		
Samstarf heimila og skóla			
			Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf
		Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	

11 Úmbótaáætlun 2015 – 2016

Út frá sjálfsmatsskýrslu fyrir síðasta skólaár eru teknir út þættir sem talið er að þurfi úrbætur og gerð er áætlun um úrbætur á næsta ári. Hægt er að nálgast sjálfsmatsskýrslu skólans á heimasíðu skólans. Í neðangreindri úrbótaáætlun eru þættir sem sýna marktækan neikvæðan mun í skólapúlsinum en Olweuskannanir koma vel út og ekki er talið að þurfi að vinna sérstakelga að úrbótum að því sem snýr að þeim þáttum.

12 Ráð og nefndir

12.1 Skólaráð

Samkvæmt lögum nr. 91/2008, grein 8, skal skólaráð starfa við alla grunnskóla.

Skólaráð skal vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Ráðið fær einnig til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólaráð var stofnað haustið 2008 við Flóaskóla. Fulltrúar í skólaráði sitja til tveggja ára í senn. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólastjóri skal boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð 2015 - 2016:

Skólastjóri: Anna Gréta Ólafsdóttir

Deildarstjóri: Hulda Kristjánsdóttir

Fulltrúi foreldra 1: Ólafur Lárusson

Fulltrúi foreldra 2: Pia Rita Simone Schmauder)

Fulltrúi kennara 1: Sigríður Oddný Stefánsdóttir

Fulltrúi kennara 2: Vantar að kjósa nýjan

Fulltrúi annarra starfsmanna: Valgerður Gestsdóttir (er að klára fyrra ár)

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Fulltrúar úr nemendafélagi Flóaskóla: Formaður úr 10. bekk og fulltrúi úr 9. bekk

12.2 Foreldrafélag Flóaskóla

Foreldrafélag Flóaskóla starfar samkvæmt 9. grein laga um grunnskóla frá 12. júní 2008. Þar stendur: „Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.“

Starfsemi foreldrafélaga í grunnskólum er í stöðugri þróun. Ákvarðanataka í skólamálum hefur færst nær foreldrum og forráðamönnum og það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Vel rekin og virk foreldrafélög eru tvímælaust af hinu góða. Foreldrar og forráðamenn hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem tengjast stjórnun og rekstri slíks félags velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig megi skipuleggja starfið svo að þau markmið náist. Með virkri starfsemi foreldrafélaga er hægt að stilla saman strengi í ýmsum hagsmunamálum og velferðarmálum með hagi barna að leiðarljósi.

Í Foreldrafélagi Flóaskóla starfa þrír kjörnir fulltrúar. Kosið var í nýja stjórn á aðalfundi félagsins haustið 2013 til tveggja ára. Það eru Helga Sigurðardóttir formaður, Katharina Mareike Schacht ritari og Viðar Ófeigsson gjaldkeri. Skólastjóri boðar stjórn foreldrafélagsins til samstarfs og situr með þeim fundi eftir þörfum. Félagið hefur lagt á það áherslu að standa fyrir viðburðum fyrir nemendur þar sem öll fjölskyldan getur komið saman og átt saman góðar stundir. Sem dæmi um starf foreldrafélagsins má nefna að það hefur staðið fyrir þorablótum, grímuböllum, leikhúsferðum, bíóferðum og hefur félagið aðstoðað við vorferðir og grillveislur. Að sama skapi hafa bekkjarfulltrúar hvers bekkjar staðið fyrir bekkjarkvöldum eða bekkjarferðum í einstaka bekkjum.

Foreldrafélag Flóaskóla:

Formaður: Helga Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Viðar Ófeigsson

Ritari: Katharina Mareike Schacht

12.3 Nemendafélag

Samkvæmt 10. grein grunnskólalaga skal starfa nemendafélag við grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Veturinn 2010-2011 starfaði í fyrsta sinn nemendafélag við Flóaskóla. Árlega er skipaður fulltrúi úr hópi kennara sem skipuleggur starf nemendafélagsins ásamt stjórn þess.

Kosið er í nemendafélag á hverju hausti en í því eiga sæti eftirfarandi: Tveir fulltrúar úr 10. bekk, tveir fulltrúar úr 9. bekk og tveir fulltrúi úr 8. bekk.

12.4 Nemendaverndarráð

Við skólann starfar nemendaverndarráð en starfsemi þess fer samkvæmt grunnskólalögum 91/2008 og V.kafla reglugerðar um sérfræðiþjónustu og nemendaverndarráð í grunnskólum 584/2010.

Í nemendaverndarráði eiga sæti: skólastjóri, deildarstjóri, hjúkrunarfræðingur skólans, sálfræðingur skólans, fulltrúi frá félagsþjónustu, náms- og starfsráðgjafi, sérkennari og proskapjálfi.

Nemendaverndarráð fundar mánaðarlega. Fundir eru færðir til bókar og farið er með upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

Hlutverk nemendaverndarráðs:

- að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu
- að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlaða um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum
- að starfa að velferðarmálum nemenda.
- Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála.
- Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni.
- Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð Flóaskóla 2014-2015:

Skólastjóri: Anna Greta Ólafsdóttir, annagreta@floaskoli.is

Deildarstjóri / staðgengill: Hulda Kristjánsdóttir, hulda@floaskoli.is

Verkefnastjóri stoðþjónustu: Sigurbára Rúnarsdóttir, sigurbara@floaskoli.is

Hjúkrunarfræðingur: Bjarnheiður Böðvarsdóttir, bjarnheidur@hsu.is

Sálfræðingur: Hugrún Vignisdóttir, hugrun@arnesthing.is

Fulltrúi félagsþjónustu: Sigurjón Árnason, sigurjon@laugaras.is

Verkefnastjóri uppeldis til ábyrgðar: Sigrún Helgadóttir, sigrunh@floaskoli.is

13 Skólareglur

1. Ástundun og skólasókn

Nemendur og starfsmenn skólans skulu leggja sig fram um að stunda vinnu sína í skólanum af kostgæfni og stefna alltaf að því að gera sitt besta. Mæta skal stundvíslega í allar kennslustundir, vel undirbúinn og með öll gögn meðferðis.

2. Samskipti og skólabragur

Samskipti í skólanum eiga að byggjast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Í Flóaskóla eiga nemendur og starfsfólk að búa við öryggi, góðar vinnuaðstæður, vinnufrið og jákvæð og uppbyggileg samskipti. Kennarar stýra vinnu nemenda í kennslustundum, nemendur fara að fyrirmælum þeirra og annars starfsfólks á skólatíma. Reglur um samskipti og skólabrag gilda í skólanum, á skólalóð, í mötuneyti, í íþróttahúsum og sundlaug og á öllum öðrum stöðum sem nemendur sækja á vegum skólans.

3. Umgengni

Áhersla er lögð á góða umgengni innan veggja skólans og á skólalóð. Sama gildir um alla þá staði sem nemendur sækja á vegum skólans. Ávallt skal leggja áherslu á að fara vel með námsgögn, húsnæði og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

4. Verðmæti

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á þeim verðmætum sem þeir kjósa að koma með í skólann.

5. Heilbrigðar lífsvenjur

Neysla gosdrykkja og sælgætis er ekki leyfð í skólanum og á skólalóð nema annað sé tekið fram vegna sérstakra aðstæðna. Öll neysla tóbaks og annarra vímuefna er óleyfileg í skólanum og á skólalóð. Flóaskóli hvetur nemendur og starfsfólk til heilbrigðra lífnaðarháttá.

6. Leyfi og forföll

Leyfi nemenda allt að tveimur skóladögum veitir umsjónarkennari en lengra leyfi skulu forsjáraðilar nemenda sækja um skriflega til skólastjórnenda á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu skólans og á heimasíðu. Forföll tilkynnist að morgni hvers skóladags á skrifstofu skólans. Veikindi tilkynnist símleiðis 486-3460 eða með SMS (859-3460) á tímabilinu 7:45-9:00 að morgni hvers skóladags sem veikindin vara.

Viðurlög vegna brota á skólareglum verða unnin í samræmi við skólalykil Flóaskóla

14 Upplýsingar um stoðþjónustu

Meginhlutverk sérkennara er að veita nemendum sem eiga erfitt með nám sökum sérstakra námsörðugleika, tilfinninga- eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar sérstakan stuðning. Við skólann starfar einn sérkennari í fullu starfi. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í Flóaskóla og er starfsemi sérkennslunnar því felld inn í stundatöflu nemenda og reynt er eftir fremsta megni að láta nám fara fram inni í bekkjum. Þó eru undantekningar á því sem viðkemur t.d. lestrarkennslu og málörvun. Með þessu móti verða sérkennarar hluti af teymisvinnu annarra kennara og taka virkan þátt í samstarfinu.

Flóaskóli hefur aðgang að Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings, m.a. þjónustu sálfræðings og kennsluráðgjafa. Einnig veitir þjónustan aðra aðstoð eftir þörfum.

Unnið er eftir eftirfarandi verkferli í samskiptum við Skóla- og velferðarþjónustu:

1. Grunur vaknar hjá starfsfólki skólans. Ef annar aðili en umsjónarkennari skal láta hann vita.
2. Umsjónarkennari og umsjónarmaður stoðþjónustu þess stigs sem barnið er á ákveða næstu skref.
3. Rætt við foreldra, fá þeirra álit. Ef ástæða þykir til er leitað eftir samþykki foreldra á aðkomu sérfræðinga á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings eða annarra aðila sem málið varðar.
4. Fylla út beiðni (í möppu í ljósritunarherbergi merkt „eyðublöð til ljósritunar“). Það þarf að fá samþykki og undirskrift frá foreldrum. Muna að ljósrita eintak af beiðninni.
5. Umsjónarmaður stoðþjónustu sér um að upplýsa skólastjórnendur og síðan nemendaverndarráð um beiðnina.
6. Sérfræðingur hefur samband við umsjónarmann stoðþjónustu um hentugan tíma til þess að gera athugun.
7. Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðkomandi sérfræðingi hefur hann samband við umsjónarmann stoðþjónustu sem sér um að boða skilafund.
8. Umsjónarmaður stoðþjónustu sér um að upplýsa nemendaverndarráð um niðurstöður.

Umsjónarkennari og umsjónarmaður stoðþjónustu sjá um að útbúa einstaklingsnámsskrá fyrir barn ef með þarf.

Við skólann starfar þroskaþjálfari í 80% starfi. Ábyrgðarsvið hans er að vera í samstarfi við kennara og aðra starfsmenn skólans eftir því sem við á. Hann vinnur við þroskaþjálfun og umönnun nemenda með fötlun og vinnur að sérstökum verkefnum. Þroskaþjálfari stendur vörð um réttindi nemenda með fötlun og stuðlar að því að þeir njóti bestu þjónustu sem möguleg er hverju sinni. Þroskaþjálfari stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðra einstaklinga.

Stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaklega aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum.

Skólaheilsugæslu er sinnt af skólahjúkrunarfræðingi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem kemur í heimsóknir í skólann. Þegar á þarf að halda, utan reglubundinna heimsókna, er hægt að kalla hjúkrunarfræðing í skólann. Læknar frá Heilsugæslustöð Selfoss sinna hlutverki skólalækna. Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólahjúkrunarfræðingur kemur í Flóaskóla hálfsmánaðarlega og sinnir fræðslu í bekkjum, sér um skólaskoðun auk þess að vera til taks ef nemendur kjósa.

15 Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Það er mikilvægt fyrir þroska og ánægju nemenda að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi í skólanum.

Markmið félagslífs og skólaskemmtana á vegum skólans er m.a. eftirfarandi:

- að nemendur öðlist styrk til að efla félags- og tilfinningaþroska sinn
- að nemendur þjálfist í að koma fram
- að nemendur þjálfist í að tjá sig í gegnum upplestur, frásögn, tónlist, leikræna tjáningu og sköpun.

Bekkjarkvöld/skemmtanir eru haldnar einu sinni til tvisvar sinnum á vetri. Þessar skemmtanir eru ýmist skipulagðar af umsjónarkennurum eða bekkjartenglum eða með samvinnu þeirra. Æskilegt er að nemendur bjóði foreldrum á þessar skemmtanir.

Nemendur á unglingastigi sækja ýmsar samkomur og skemmtanir hjá nágrannaskólum og er það oftast í samvinnu við félagsmiðstöðina Zone sem starfrækt er í Flóahreppi. Félagsmiðstöðin hefur aðstöðu í félagsheimilinu Þjórásarveri. Félagsmiðstöðin Zone og Flóaskóli vinna náið saman.

Forstöðumaður Zone er Örvar Rafn Hlíðdal (orvar@floaskoli.is)

Nemendum í 1.-4. bekk gefst kostur á að sækja íþrótta- og tómstundastarf í samstarfi við ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vöku á skólatíma. Þar eru nemendur í hinum ýmsu íþróttagreinum, tómstundum og útivist.

16 Áætlanir

16.1 Símenntunaráætlun

Samkvæmt 12. gr. laga um grunnskóla á hver skóli að vera með símenntunaráætlun. Áætlunin fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við stefnu skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Símenntunaráætlanir eiga einnig að styðja við umbótaáætlanir skóla. Kennarar og skólastjórar skulu eiga kost á reglulegri símenntun til að efla starfshæfni sína og einnig skulu þeir eiga kost á námsleyfum.

Unnið er að símenntunaráætlun fyrir skólann.

16.2 Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá

Eldvarnir snerta alla – alla daga meira og minna. Heima, í vinnunni og nánast hvar sem er.

Eldvörnum er oft skipt í tvo flokka, þ.e. slökkvistarf og fyrirbyggjandi starf. Slökkvistarfið hefur það að markmiði að bjarga því sem bjargað verður eftir slys. Fyrirbyggjandi starfið hefur aftur á móti þann tilgang að forða slysum eða a.m.k. að draga úr þeim eins og unnt er. Þessum markmiðum er reynt að ná með byggingartæknilegum aðgerðum, fræðslu og æfingum. Einnig með björgunaráætlunum, þ.m.t. rýmingaráætlunum.

Það hefur margoft komið í ljós að afar litlar líkur eru til þess að menn bregðist rétt við, ef menn skyndilega standa frammi fyrir vanda sem skapast getur af eldsvoða, nema menn hafi gert sér grein fyrir hættunni og hugleitt viðbrögð. Best er að gera áætlun. Til þess að allir sem málið snertir geti unnið samstíga verður áætlunin að vera skrifleg og ef menn vilja vera vissir um að áætlunin sé raunhæf, þarf að prófa hana. Einnig er oft nauðsynlegt að æfa áætlanir, eða hluta þeirra, til að þær geti talist öruggar.

Þau atriði sem hafa þarf í huga við gerð rýmingaráætlunar eru m.a:

- Fólksfjöldi
- Hreyfigeta fólks
- Fjöldi aðstoðarfólks ef þörf er á og um er að ræða
- Rýmingarleiðir
- Söfnunarstaður og lokastaður
- Tími til rýmingar.

Nauðsynlegt er að sem flest sjónarmið hinna ólíku hópa sem hafa með málið að gera komi fram.

Við skulum líta á þau atriði sem meðal annars þarf að hafa í huga við gerð rýmingaráætlunar fyrir Flóaskóla.

1. Fólksfjöldi: Flest eru börnin 92 samtímis í skólanum í 8 bekkjardeildum: 1. bekkur, 2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5. bekkur, 6. bekkur, 7. bekkur, 8.-9. bekkur og 10. bekkur. Starfsmenn sem starfa innan skólans daglega eru um 18 talsins, misjafnt eftir vikudögum. Miðað við þann

fjölda ætti rýming að ganga vel með góðri samvinnu. *Bekkjarlistar skulu allaf vera á sínum stað í hverri stofu og allir viti hvar sá staður er.*

2. Hreyfigeta fólks: Gera verður ráð fyrir að þau yngri geti þurft aðstoð við að bjarga sér. Yngri börnin þurfa einnig mikla aðstoð vegna vanhæfni við að meta aðstæður. Þau sem eldri eru ættu að vera nokkuð fær um að meta ástand og þurfa minni hjálp.
3. Fjöldi aðstoðarfólks: Ekki ætti að vera nauðsynlegt að kalla til aðstoðarfólk vegna rýmingar. Það fólk sem er á staðnum ætti í öllum tilfellum að ráða við að rýma húsið. Það er fyrst þegar kemur að slökkvistarfi sem aðstoðar getur verið þörf.
4. Rýmingarleiðir: Rýmingarleiðir eru 2 úr hverri stofu, sumsstaðar beint út og fram á gang. Útgangur af ganginum eru merktir með út-ljósum. Vegna þess að útidyrhurðir opnast út, þarf að gæta þess að ekki safnist snjór fyrir hurðirnar að vetrinum. Söfnunarstaður er mismunandi eftir bekkjum. *Sjá yfirlitsmynd í stofum.*
5. Lokastaður: Sjá yfirlitsmynd í stofum.
6. Tími til rýmingar: Tími til rýmingar er ekki mikill vegna þess að eldur þróast hratt ef ekkert er að gert. Húsið er vel byggt og stenst í flestum megin atriðum kröfur. Brunaviðvörunarkerfi er í húsinu og þar af leiðandi á eldur að uppgötvast strax á byrjunarstigi sem gefur meira svigrúm til rýmingar.

Viðvörunarkerfi í Flóaskóla

Boð frá brunaviðvörunarkerfi: Í skólanum er brunaviðvörunarkerfi. Ef boð koma frá kerfinu er mjög mikilvægt að bregðast alltaf við og athuga hvað veldur boðunum. Hugsið aldrei að einhver annar eigi að kanna málið, gangið alltaf strax úr skugga um að það hafi verið gert.

Athugið!

Brunaviðvörunarkerfið er tengt vaktstöð.

Viðbrögð við boðum: Allir starfsmenn fara í viðbragðsstöðu. Yfirmaður sér um að einhver fari að stjórnstöð kerfisins í anddyri gamla skólans og framkvæmi eftirfarandi:

Á stöð logar rautt ljós sem á stendur „ELDUR“ og annað rautt ljós með tölustaf sem sýnir svæðið í húsinu sem eldboðið hefur komið frá. Bjöllur hringja og innri væla hljómar.

1. Sláið inn kóðann **2143** til að virkja takkaborð (slegið inn í reiti 1,2,3,og 4)
2. Ýtið á „STÖÐVA/RÆSA HLJÓÐGJAF“
3. Athugið frá hvaða svæði boðið kemur og finnið á uppdrætti hvar það er.
4. Farið strax og kannið hvað veldur boðunum.

Falsboð: Ef engin merki finnast um eld á því svæði sem boðin komu frá er mikilvægt að finna skynjarann sem sendi boðin, hann finnst á því að lítið gaumljós logar á skynjara sem hefur sent boð. Mikilvægt er að skrá öll falsboð í þjónustubók sem fylgir kerfinu. Að lokum skal endursetja kerfið með því að þrýsta á takka „ENDURSETNING“.

Raunveruleg eldboð: Ef um eld er að ræða skal þegar í stað vara alla við með því að þrýsta aftur á takka „STÖÐVA/RÆSA HLJÓÐGJAF“ eða brjóta næsta handboða. Þá fara bjöllur aftur í gang og eiga þá allir að vita að hætta er á ferðum og skal þegar í stað setja í gang rýmingaráætlun. *Hikið aldrei við*

að rýma húsið ef minnsti grunur er um að þess þurfi. Betra er að taka ákvörðun um rýmingu fyrr en seinna.

Jafnvel þó að takist að slökkva eldinn strax getur verið nauðsynlegt að leita aðstoðar slökkviliðs til að reykraesta húsið og meta hvort hættu er á frekari eldi.

Rýmingaráætlun


Stjórnun: Mikilvægt er að alltaf sé á hreinu hver á að stjórna. Skal það vera æðsti stjórnandi eða staðgengill hans. Mikilvægt er að stjórna þannig að ekki fari milli mála hver stjórnar:



Röð á aðgerðum:


1. **Hringja:** Kalla til aðstoð. Ef allt er með felldu er hringt frá vaktstöð til að kanna hvað valdi eldboðum. Svarið símanum ef mögulegt er, það flýtir fyrir. *Ef ekki er hringt skal strax gera ráðstafanir til að kalla til aðstoð:*
 - Samræmt neyðarnúmer **112**.
 - Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið.
 - Takið fram ef einhver hefur slasast.
 - Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.
2. **Bjarga:** Yfirmaður tekur ákvörðun um rýmingu og deilir verkefnum á starfsmenn. *Mikilvægt er að starfsmaður sjái um þann hóp sem viðkomandi er að kenna hverju sinni og taki nafnalistann (kladdann). Hafa skal nafnakall eftir nafnalista þegar komið er á söfnunarstað. Þegar stofan er yfirgefin skal loka dyrum. Mikilvægt er að allir fari síðan á sinn söfnunarstað (sjá rýmingaráætlun) og bíði þar uns stjórnandi gefur leyfi til að yfirgefa staðinn eða fara í næstu hús. Ef í ljós kemur við nafnakall að einhvern vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til neyðarlínu **112** og til slökkviliðs.*
3. **Slökkva:** Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður í áætluninni er að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. *Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflum.* Slökkvitæki og brunaslöngur eru víðsvegar um húsið. Mikilvægt er að starfsmenn kynni sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur.
4. **Slökkvilið kemur á staðinn:** Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
5. **Láta foreldra vita:** Hafa skal samband (eftir nafnalista) við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
6. **Sálrænn stuðningur:** Skólastjóri / staðgengill skólastjóra metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita nemendum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Í ELDSVOÐA SKIPTA FYRSTU VIÐBRÖGÐ SKÖPUM !



Sjá rýmingaráætlun Flóaskóla á næstu blaðsíðu.

RÝMINGARÁÆTLUN FYRIR FLÓASKÓLA



Kerfið er tengt vaktstöð. Eftir smá stund er hringt frá vaktstöðinni til að kanna hvað valdi boðunum. Svárið símanum ef mögulegt er og segið frá ástandinu.

1. Hringja: (ef ekki er hringt frá vaktstöð)

1. Samræmt neyðarnúmer **112**.
2. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið.
3. Takið fram ef einhver hefur slasast.
4. Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.

2. Bjarga:

Bjargið sjálfum ykkur og nemendum, takiðnafnalistann. Kennari sér um sinn hóp (bekk) og hefur nafnakall úti á söfnunarstað eftir nafnalista. Verið viss um að allir komist út, börn geta falið sig víða.

3. Slökkva: Þegar rýmingu er lokið skal huga að slökkvistarfi.

16.3 Viðbrögð við jarðskjálfta

Jarðskjálftar geta verið ógnvekjandi meðan þeir ganga yfir og því þörf á að gera sér grein fyrir hvað skal gera. Á sjúkrastofnunum, elliheimilum, íbúðum aldraðra og fleiri stofnunum eru fáir starfsmenn samtímis á sumum tímum sólarhrings. Á leikskólum og í skólum er yfirleitt betur mannað, þó getur einn kennari verið með nokkuð stóran hóp barna.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að einn starfsmaður getur ekki rýmt stóra byggingu einn síns liðs. Því er fyrsta verk að reyna að sýna stillingu og róa fólk eftir bestu getu.

Byggingar sem byggðar hafa verið á seinni árum eru sterkbyggðar og þola vel álag frá þeirri stærð jarðskjálfta sem hefð er fyrir á Íslandi þannig að í flestum tilfellum eru hús örugg hvað varðar hrun.

Hvað er hægt að gera til að minnka líkur á slysum í jarðskjálfta?

- Ganga frá þungum hlutum þannig að þeir falli ekki yfir fólk
- Festa skápa og innréttingar
- Halda rýmingarleiðum greiðum
- Hafa aldrei þungar myndir eða veggskraut yfir rúmum
- Vekja athygli yfirmanns á því sem betur má fara.

Hvað er hægt að gera meðan jarðskjálfti gengur yfir?

KRJÚPA – SKÝLA – HALDA

- Í sterkum jarðskjálfta er lítið hægt að gera fyrr en jarðskjálftinn er genginn yfir.
- Mikilvægt er að halda ró sinni og forðast fallandi hluti.
- Ef hægt er skal leita skjóls í dyragötum, í hornum burðarveggja eða undir borðum.
- Varist allt óðagot.

Aðgerðaráætlun vegna jarðskjálfta:

Hvað er hægt að gera eftir að jarðskjálfti er genginn yfir?

1. Gæta skal fyrst að eigin öryggi og mikilvægt er að reyna að sýna stillingu.
2. Hafið samband við neyðarlínu 112 eða Björgunarfélag Árborgar í síma 892-3457 og óskið eftir aðstoð. Ef ekki er símasamband skal reyna að vekja athygli á annan hátt (til dæmis lak út um glugga). *Í skipulagi Almannavarna er gert ráð fyrir að haft sé samband við staði þar sem margt fólk dvelur að jafnaði. Af eðlilegum ástæðum getur liðið nokkur tími því staðir eru margir sem þarf að kanna.*

3. Aðstoðið aðra í húsinu eftir föngum. Leiðbeinið fólki út og aðstoðið lasburða eftir föngum. Ef einn maður er á vakt er best að byrja að rýma á fyrstu hæð og fylgjast með þegar björgunarmenn koma. Dveljið utandyra, fjarri háum húsum.
4. Fylgist með hvort eldur verður laus eða hvort vatn lekur. Ef gas er notað í húsinu skal loka fyrir gasloka.
5. Notið aldrei lyftur í jarðskjálfta og takið straum af lyftunni til að aðrir noti þær ekki.
6. Þið eruð ekki ofurmenni, virðið eigin takmörk.

